

Tissue-Tek® Glas™ Coverslips

Tissue-Tek® Glas™ Coverslippers til notkunar

24x50 mm

REF 6416

【Ætlaður tilgangur】

Varan er notuð til að hylja sýnisgler sem inniheldur áfastan hluta með sýnum sem eru fest með formalíni og steypit í paraffín (FFPE) eða frumumeinafræðisýnum til að vernda sýnin gegn höggum eða umhverfisáhrifum, og til að skoða sýnisglerið undir ljóssmásjá við smásjárskoðun. Þessi vara er notuð með steypiefni (e. mounting medium) sem er sett yfir sýnið til að festa hlífðarglerið við sýnisglerið.

【Ætlaður notandi】

Einstaklingur sem starfar á sviði meinafræði, líffærafræði eða klínískrar frumfræði með grunnþekkingu á viðkomandi sviði (t.d. meinafræðingur, tækniamaður á rannsóknarstofu) og ber ábyrgð á undirbúningi sýnisglerja fyrir smásjár.

【Búnaður sem nauðsynlegt er að nota en fylgir ekki】

Sýnisgler fyrir smásjá, steypiefni

【Notkunarleiðbeiningar】

- Takið plasthlífina af haldaranum.
- Fjarlægjið svampinn.
- Setjið haldarann á hleðslustöðu hlífðarglersins.
- Rennið hakinu í rétta rauf.
- Setjið haldarann flatan á hleðslustað hlífðarglersins.

【Varúðarreglur við notkun】

- Notið hanska til að koma í veg fyrir skurð af völdum glerbrúna.
- Ef ryk eða agnir dreifast vegna þess að varan brotnar eða við förgun hennar skal nota rykþétta grímu (vottaða af yfirvöldum) til að koma í veg fyrir innöndun, hlífðargleraugu og hlífðarhanska.
- Forðist að snerta með blautum höndum þar sem glerin munu loða saman.
- Forðist snertingu við haldarans við lífræn leysiefni þar sem þau bræða burt haldarann.
- Til að setja upp gler skaltu skoða notkunarhandbók tækisins sem á að nota ásamt þessari vöru.

【Öryggisráðstafanir】

- Ef varan berst í auga/augu: Ef eitthvað ryk berst í augu skal samstundis skola þau með rennandi vatni og hafa samband við lækni.

- Ef varan loðir við húð: Purkið hana varlega af án þess að skemma húðina. Hafið samband við lækni við áverka eða útbrot.
- Inntaka: Fjarlægjið allar leifar úr munni og hafið tafarlaust samband við lækni.
- Innöndun: Ef einhverju ryki er andað inn, skolið hálsinn. Ef kláði, verkur eða óþægindi eru viðvarandi í nefi eða hálsi skal hafa samband við lækni.

【Notkunar- og geymsluaðstæður】

- Forðist beint sólarljós og staði þar sem hitastig er hátt eða mikill raki. Geymist innandyrna á stað með fullnægjandi náttúrulegri loftræstingu.
- Þegar haldarasettið í tækinu hefur verið tekið úr tækinu skal geyma það með upprunalegu hlífinni.

【Fyrningardagsetning】

- Fyrningardagsetning er prentuð á umbúðimar.

【Förgun】

- Fargið úrgangi hjá förgunarfyrtæki eða fargið í samræmi við staðbundnar reglugerðir.

【Varúðarreglur】

Myndin hér að neðan er skýringarmynd af kísilryki þegar glerryk myndast.



- Getur valdið krabbameini.
- Innöndun á fingerðu ryki í lengri tíma í miklu magni getur hugsanlega leitt til öndunarfæra- eða nýrnaskemmda.

【Tæknilýsing】

200/haldari; 5/ hulstur

【Athugið】

Ef alvarleg atvik koma upp í tengslum við notkun vörunnar ber að tilkynna þau til framleiðanda og viðeigandi lögbærra yfirvalda. Þetta er einnota búnaður sem er ekki ætlaður til endurnýtingar.

	Sakura Finetek Japan Co., Ltd., 31-1, Nihonbashi-Hamacho 2-chome, Chuo-ku, Tokyo 103-0007 Japan
EC REP	Sakura Finetek Europe B.V. Flemingweg 10a 2408 AV Alphen aan den Rijn The Netherlands
CH REP	MedNet SWISS GmbH Bäderstrasse 18, 5400 Baden, Switzerland
	Sakura Finetek Europe B.V. Flemingweg 10a 2408 AV Alphen aan den Rijn The Netherlands Sysmex Suisse AG Todistrasse 50, 8810 Horgen, Switzerland
Framleitt í Japan	



Farðu á vefsíðu okkar

Sakura Finetek Japan Co., Ltd. www.sakura-finetek.com
Sakura Finetek Europe B.V. www.sakura.eu

